



Áfallaáætlun

Viðbrögð og eftirfylgni við áföllum í skólastarfinu

Ábyrgð og umsjón: Elín Einarsdóttir skólastjóri
10.10.2025

Efnisyfirlit

Áfallaráð	3
Upplýsingagjöf	4
Upplýsingagjöf til starfsfólks	4
Upplýsingagjöf almennt	4
Minniháttar meiðsli.....	5
Alvarlegt slys eða andlát nemanda	5
Vinna í umsjónarbekk og bekkjum sama dag	6
Úrvinnsla í bekkjum næstu daga.....	6
Við veikindi:.....	7
Við slys:	7
Við andlát.....	7
Vinna í bekk viðkomandi nemanda.....	8
Jarðarför	8
Alvarleg veikindi, slys eða andlát foreldra eða annarra náinna ættingja nemenda	8
Alvarleg veikindi, slys eða andlát starfsmanns eða maka starfsmanns	8
Alvarleg veikindi starfsmanns	9
Alvarlegt slys starfsmanns.....	9
Andlát starfsmanns	9
Andlát maka starfsmanns	9
Langvarandi veikindi	10
Ferðalög	10
Önnur áföll	11
Hlutverk kennara.....	11
Eftirfylgni.....	12
Stuðningur við starfsfólk	13
Símanúmer.....	13
Breytingasaga.....	14

Áfallaráð

Í Víkurskóla starfar áfallaráð. Það samræmir og stýrir aðgerðum sem gripið er til ef áföll verða í skólastarfi eða einkalífi nemenda og starfsmanna, s.s. erfiðleikum á heimili, langvarandi veikindi, slys eða dauðsföll. Skólastjóri fer fyrir áfallaráði skólans og er fulltrúi þess út á við.

Áfallaráð skipa:

Skólastjóri

Aðstoðarskólastjóri

Skólahjúkrunarfræðingur

Eftir atvikum:

Starfsfólk Skólalþjónustu Rangarvalla- og Vestur Skaftafellssýslu

Skólahjúkrunarfræðingur

Umsjónarkennarar

Sóknarprestur

Lögregla

Í litlum skóla, í fámennu samfélagi, hafa stór áföll oft víðtæk áhrif á skólastarfið og samfélagið í heild. Það er því mikilvægt að skólinn bregðist hratt og örugglega við þegar áföll verða og hafi tök á að aðstoða hlutaðeigandi eins og kostur er.

Áfallaáætlun hvers skóla er ætlað að hafa þarfir skólans, nemenda hans og skólasamfélagsins í fyrirrúmi. Þegar þarf að bregðast hratt við aðstæðum er nauðsynlegt að hafa áætlun sem leiðbeinir þeim sem málið varðar hvernig rétt er að taka á málum. Í áfallaáætlun er hlutverk starfsfólks skilgreint og þannig er reynt að skapa aukið öryggi allra; starfsfólks, nemenda, heimila og nærsamfélags.

Nauðsynlegt er að endurskoða áfallaáætlun árlega og að auki í hvert sinn sem hún er virkjuð, til að fara yfir hvað má betur fara. Skólastjóri ber ábyrgð á endurskoðun.

Upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf til starfsfólks

Við áföll í skólstarfinu verður öllu tiltæku stuðningsefni safnað saman á kennarastofu eða annan stað sem starfsfólk sammælist um. Skólastjóri sér um upplýsingaöflun í samstarfi við starfsfólk.

Nauðsynlegt er að starfsfólk skólans sé vel upplýst á öllum stigum málsins.

Upplýsingagjöf almennt

Nauðsynlegt er að láta alla sem tengjast skólstarfinu vita að orðið hefur alvarlegt áfall tengt skólanum. Listi yfir þá sem þarf að hafa samband við er hafður aðgengilegur. Skólastjóri sér um að svara fyrirspurnum frá heimilum og öðrum. Eins ákveður skólastjóri, í samráði við starfsfólk skólans og heimili, hvort skuli hafa samband við aðila sem tengjast skólanum ekki beint og þá hvernig staðið skuli að slíku.

Ef nauðsyn krefur fær skólastjóri fagaðila eða foreldri til að koma í skólann og svara spurningum nemenda og starfsfólks um t.d. veikindi, slys, áhrif veikinda eða slysa o.s.frv.

Minniháttar meiðsli

Skráður og minniháttar meiðsli eru meðhöndluð af starfsfólki skólans.

Ef grunur leikur á því að nemandi þurfi að komast á heilsugæslustöð, t.d. til að láta sauma sár eða búa um meiðsli þá hefur starfsmaður skólans samband við vakthafandi lækni eða hjúkrunarfræðing og fær frekari fyrirmæli. Haft er samband við foreldra og eftir atvikum er ætlast til þess að þeir komi á heilsugæslustöð og taki við ummönnun barnsins.

Öll atvik þar sem nemandi slasast í skóla og þarf ummönnun læknis og/eða hjúkrunarfræðings eru skráð á þar til gert skýrsluform. Slysaskýrslur skal varðveita í persónumöppum nemenda.

Símanúmer heilsugæslustöðvar: 432 2800

Alvarlegt slys eða andlát nemanda

Við alvarlegt slys eða andlát á skólatíma er hringt á Neyðarlínu (112) samstundis og a.m.k. einn starfsmaður skólans bíður eftir aðstoð.

Þá fara allir nemendur skólans í sínar stofur séu þeir ekki þegar þar, með sínum umsjónarkennara, ef hægt er. Annars með öðrum kennurum, skólastjóra eða starfsmanni skólans. Nauðsynlegt er að nemendur viti í grófum dráttum hvað kom fyrir, en fari ekki heim óvissir eða óöruggir með það sem gerst hefur. Skólastjóri sér um að hefja aðgerðir og kallar saman áfallaráð

- Skólastjórnendur afla staðfesta upplýsinga og hafa samband við viðkomandi aðila.
- Skólastjóri kallar saman áfallaráð og eftir atvikum aðra. Á þeim fundi skiptir áfallaráð með sér verkum og skipuleggur fyrstu viðbrögð skólans.
- Ganga þarf úr skugga um að skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða starfa við skólann, fái fréttirnar einslega en ekki í stórum hópi.
- Haft er samband við foreldra allra nemenda og þeir beðnir um að sækja sín börn í skólann.

- Skólastjóri og umsjónarkennarar upplýsa foreldra um hvað gerst hefur, í grófum dráttum, svo hægt sé að ræða málin heima.

Ef slys eða dauðsfall ber að utan skólatíma þarf skólinn að leita upplýsinga um leið og hægt er. Ber skólastjóri ábyrgð á því að stjórna aðgerðum í samráði og samstarfi við áfallaráð.

- Skólinn fær staðfestingu á andláti frá ábyrgum aðilum; foreldrum, lögreglu eða sjúkrastofnun. Að auki allar frekari upplýsingar sem þörf er á.
- Áfallaráð er kallað til og ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans, aðgerðarlista og verkaskiptingu fyrir næstu daga.

Aðgerðir skólans eru ávallt bornar undir viðkomandi foreldra/forráðamenn.

- Flaggað er í hálfra stöng við skólann þegar búið er að tilkynna nemendum andlátið.
- Boðið er upp á stutta bænastund í skólanum eins fljótt og unnt er, fyrir þá nemendur, aðstandendur og starfsfólk sem vilja.

Vinna í umsjónarþekk og þekkjum sama dag

Æskilegt er að umsjónarkennarar séu með sínum þekkjum þar til nemendur eru sóttir af foreldrum/forráðamönnum. Nemendum gefið færi á að ræða málin, spyrja, svara og syrgja.

Fagaðili er kallaður til aðstoðar og ræðir hann einnig við nemendur. Foreldrum annarra nemenda er tilkynnt um atburðinn áður en rætt er við utanaðkomandi aðila.

Mikilvægt er að skólastjóri og annað starfsfólk styðji vel við umsjónarkennara nemandans, þannig að honum finnist hann ekki standa einn.

Úrvinnsla í þekkjum næstu daga

Mikilvægt er að nemendur fái að tjá tilfinningar sínar og sorg og að þeir fái til þess ýmsar leiðir, t.d. í skapandi vinnu eða leik.

Leitast skal við að raska skólastarfi sem minnst til þess að valda ekki nemendum óþarfa kvíða og ótta.

Við veikindi:

- Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fær staðfestingu á veikindum hjá forráðamanni nemandans.
- Áfallaráð upplýsir þá sem málið varðar.

Við slys:

- Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fær staðfestingu á slysinu hjá forráðamanni nemandans.
- Áfallaráð upplýsir þá sem málið varðar.
- Áfallaráð aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa bekkjarsystkini undir það hvernig tekið er á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann.

Við andlát:

- Skólastjórnendur afla upplýsinga um atburðinn.
- Áfallaráð tilkynnir umsjónarkennara nemandans um andlátíð.
- Áfallaráð fundar og ákveður fyrstu viðbrögð skólans.
- Skólastjórnendur og umsjónarkennari upplýsa bekkjarsystkini nemandans. Hafa í huga hvort nán skyldmenni séu við nám eða störf við skólann og láta þau vita einslega en ekki í hópi.
- Skólastjórnendur tilkynna starfsfólki skólans um atburðinn. Gæta þess að allir fái upplýsingar t.d. þeir sem eru fjarverandi þann dag eða í útigæslu.
- Umsjónarkennari stýrir vinnu í bekknum og leitar aðstoðar eftir þörfum hjá áfallaráði.
- Bekkjarsystkini útbúa samúðarkveðju.
- Skólastjórnendur sjá um að senda samúðarkveðju frá skólanum til nemandans og fjölskyldu.
- **Ávallt skal gæta þess að hafa samráð við ættingja um aðgerðir skólans.**

Vinna í bekk viðkomandi nemanda

Umsjónarkennari sér um að vinna með bekk viðkomandi nemanda næstu daga. Gera verður nemendum grein fyrir því sem gerst hefur og nauðsynlegt að nemendur fái að vinna úr þeim upplýsingum á sinn hátt.

Búa verður bekkjarfélaga nemandans undir það hvernig bekkurinn tekur á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann.

Allir nemendur eru hvattir til að sýna tillitssemi við syrgjanda/syrgjendur.

Umsjónarkennari hlúir að nemandanum eftir að hann kemur í skólann og fær þá aðstoð sem þarf. Áfallaráð aðstoðar umsjónarkennara við að undirbúa bekkinn undir það hvernig tekið verði á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann. Góður undirbúningur getur auðveldað nemandanum endurkomuna í skólann. Umsjónarkennari er í góðu sambandi við heimilið um líðan nemandans.

Jarðarför

Ef um andlát er að ræða þarf að ákveða hvort, og þá hvernig, skólinn og/eða nemendur eiga að taka þátt í jarðarför eða minningarathöfn um nemanda.

Alvarleg veikindi, slys eða andlát foreldra eða annarra náinna ættingja nemenda

Ef alvarlegt veikindi, slys eða andlát foreldra eða náinna ættingja nemenda ber að þarf að bregðast við því á svipaðan hátt og áður hefur verið til tekið. Skólastjóri setur af stað aðgerðir í samvinnu við áfallaráð.

Alvarleg veikindi, slys eða andlát starfsmanns eða maka starfsmanns

Verði alvarleg veikindi, slys eða andlát innan starfsmannahóps skólans er áfallaráð kallað saman og fyrstu viðbrögð skóla ákveðin í samráði við ættingja starfsmannsins.

Starfsfólk er kallað saman og það upplýst um hvað gerst hefur og hver fyrstu viðbrögð skólans eru.

Nemendum skólans og fjölskyldum þeirra er tilkynnt um atburði eins fljótt og auðið er. Helst samdægurs, annars strax næsta morgun.

Nemendur skólans fái tækifæri til að vinna með sínar tilfinningar og sorg næstu daga. Fáni er dreginn í hálfu stöng, bæði daginn sem andlát á sér stað og jarðarfarardaginn. Boðið er upp á stutta bæna- og/eða minningarstund í skólanum eins fljótt og unnt er, fyrir þá nemendur, aðstandendur og starfsfólk sem vilja.

Alvarleg veikindi starfsmanns

- Skólastjórnendur og áfallaráð ákveða í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig skuli tilkynna nemendum og starfsfólki um veikindin.

Alvarlegt slys starfsmanns

- Skólastjórnendur og áfallaráð ákveða í samráði við viðkomandi starfsmann og/eða aðstandendur hans hvernig tilkynna eigi nemendum og starfsfólki slysið.

Andlát starfsmanns

- Skólastjórnendur og áfallaráð leita staðfesta upplýsinga um andlátíð
- Skólastjórnendur og áfallaráð tilkynna starfsfólki um andlátíð. Aðstoð prest er fengin ef þörf þykir. Athuga að nán skyldmenni hins látna sem starfa mögulega í skólanum fá fréttirnar sérstaklega, í einrúmi.
- Tilkynna starfsmönnum sem gætu verið fjarverandi sérstaklega
- Áfallaráð skipuleggur samverustund með starfsmönnum samdægurs eða eins fljótt og unnt er. Eftir atvikum undirbúið í samstarfi við prest.
- Áfallaráð skipuleggur hvernig og hvenær nemendum er tilkynnt andlátíð. Jafnframt hvernig forráðamönnum skuli tilkynnt.
- Skólastjóri sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda fyrir hönd skólans.

Andlát maka starfsmanns

- Skólastjórnendur leita staðfesta upplýsinga um andlátíð

- Skólastjórnendur upplýsa alla starfsmenn skólans um andlátíð. Jafnframt þá sem ekki eru á vinnustaðnum þann daginn.
- Skólastjórnendur og/eða áfallaráð tilkynna nemendum um andlátíð.
- Skólastjórnendur fyrir hönd skólans, senda starfsmanninum og fjölskyldu hans samúðarkveðjur.

Langvarandi veikindi

Þegar alvarleg veikindi koma upp á heimili nemanda, verður nemandi oft fyrir áfalli sem brýst út í allskonar viðbrögðum, t.d. óöryggi, hræðslu eða reiði.

Mikilvægt er, að til staðar sé, fullorðinn aðili, t.d. námsráðgjafi, læknir eða hjúkrunarfræðingur, sem rætt getur um vandann við börn sjúklings og sé reiðubúinn að svara spurningum sem hugsanlega vakna. Það eykur skilning barnanna á aðstæðum og hlífir þeim við óþarfa kvíða og vanlíðan.

Umsjónarkennari fær upplýsingar um sjúkdóminn og aðrar upplýsingar sem þörf er á og er í góðu samstarfi við heimilið um hvernig skuli tala við nemandann. Einnig hvort talað skuli um sjúkdóminn við aðra nemendur skólans. Umsjónarkennari ræðir reglulega við nemandann.

Starfsfólk þarf að vera á varðbergi gagnvart breytingum á líðan og hegðun nemandans.

Gott samstarf við heimilin er nauðsynlegt og getur verið ómetanlegur stuðningur við barnið.

Ferðalög

Verði alvarlegt slys eða dauðsfall á ferðalagi á vegum skólans er fylgt eftirfarandi verklagi:

- Hringt í 112
- Lögregla lætur aðstandendur viðkomandi nemanda/starfsmanns vita
- Starfsmenn í forsvari fyrir hópnum ákveða hver verður í forsvari
- Forsvarsmaður lætur skólastjóra/áfallaráð vita af atburðinum

- Áfallaráð ákveður í samráði við prest hvernig aðstandendum viðkomandi skólafélaga er tilkynnt um atburðinn
- Starfsmenn kalla nemendur saman. Útskýrt er fyrir þeim eins og hægt er hvað hefur átt sér stað.
- Heimferð er skipulögð eins fljótt og auðið er.
- Skólastjórnendur/áfallaráð tilkynna atburðinn foreldrum þeirra sem er í ferðinni eins fljótt og mögulegt er.
- Skólastjórnendur/áfallaráð taka á móti nemendum þegar komið er í skóla. Forráðamenn sækja börnin. Frekari vinna er skipulögð af áfallaráði.

Athugið að allar aðgerðir skólans þarf að bera undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og þeir þurfa að vera með í ráðum frá upphafi.

Önnur áföll

Viðbrögð við öðrum áföllum sem dynja á skólann, nemendur eða aðra sem að skólastarfi koma eru þau sömu og áður hafa verið upp talin.

Skólastjóri kallar saman áfallaráð og aðra eftir því sem þurfa þykir. Ákveðin eru næstu skref og hlutverk starfsfólks skýrð.

Hlutverk kennara

Kennarar, ekki síst umsjónarkennarar, eru þeir aðilar sem mestum tíma verja með nemendum og þekkja þá þar af leiðandi oft betur en aðrir innan veggja skólans. Mikilvægt er því að kennarar geri sér grein fyrir mikilvægi síns hlutverks sem stuðningsaðila nemenda í sorg og/eða áföllum. Kennari styður barnið eins og frekast er unnt og aðstoðar það við að vinna úr tilfinningum sínum.

Eftirfylgni

Í öllum tilfellum er mikilvægt að fylgja eftir þeirri vinnu sem unnin er við áföll. Nauðsynlegt er að þeir sem orðið hafa fyrir áfalli hafi greiðan aðgang að áframhaldandi aðstoð og stuðningi.

Umsjónarkennari eigi reglulega samtöl við nemanda sem fyrir áfalli varð og lætur vita heim að aðrir ættingjar séu einnig velkomnir, með eða án nemandans, til að ræða málin. Eins ræða umsjónarkennarar reglulega og vel við aðra nemendur, enda getur það komið upp að nemandi sem virðist ekki tengjast atburði beint þurfi á aðstoð að halda.

Eðlilegt er að ýmis einkenni áfallastreitu geri vart við sig eftir að áföll hafa dunið yfir og er nauðsynlegt að starfsfólk skólans sé á varðbergi gagnvart þeim einkennum sem fylgja.

Einkenni áfallastreitu eru t.d.

- Þrálátar endurminningar og draumar
- Sterkur ótti vegna ytri eða innri vísbendinga sem minna á atvikið
- Fælniviðbrögð
- Almennt áhugaleysi
- Tilfinningin að vera aðskilinn frá eða úr tengslum við aðra.
- Neikvæðar væntingar til framtíðarinnar
- Erfiðleikar með svefn
- Skapsveiflur
- Erfiðleikar með einbeitingu

Oft eiga nemendur erfitt á sérstökum dögum, lengi eftir að áfall hefur dunið yfir. Hátíðir eins og jól, áramót, páskar, afmælis dagar og dánardagur eru oft erfiðir fyrir nemendur og þarf að sýna þeim nærgætni, skilning og umfram allt stuðning þegar tilfinningarnar taka yfir.

Mikilvægt er að fá að vinna sig í gegnum erfið viðbrögð og þær tilfinningar sem tengjast sorginni á eigin hraða. Skólanum ber að styðja sem best við bakið á barninu, með umvefjandi og uppörvandi umhverfi.

Stuðningur við starfsfólk

Skólastjóri ber ábyrgð á að allt starfsfólk skólans eigi greiðan aðgang að faglegri aðstoð eins og þörf er á.

Símanúmer

Neyðarlínan	112
Heilsugæslan Vík	432 2800
Skólalþjónusta Rang/V-Skaft	487 8107
Rauði krossinn – hjálparsími	1717
Rauði krossinn – vinalína	800 6464
Bugl	543 4300
Ný dögun – stuðningur í sorg	sorg.is
Sóknarprestur	895 6119

Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
	19/11/2019	Fyrstu drög	EE
	25/03/2020	Áfallaáætlun kynnt	EE
1.0	13/05/2020	Áfallaáætlun	EE
2.0	03/01/2024	Áfallaáætlun yfirfarin	EE / KÓG
3.0	10/10/2025	Áfallaáætlun yfirfarin	EE